



Borgarráð

Reykjavík, 13. janúar 2025

MSS24060028

## Samkomulag um uppbyggingu og stækkun lóðar við Bíldshöfða 2

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulagsdrög við lóðarhafa að lóðinni Bíldshöfði 2.

### *Greinargerð:*

Festi Hf. kt. 540206-2010 lóðarhafi að lóðinni Bíldshöfði 2, landeignanúmer L110568fasteignanúmer F2043000 og F2316212 hefur hug á frekari uppbyggingu á lóðinni.

Samkomulag þetta er byggt á rammasamkomulagi Reykjavíkurborgar og Festi hf. vegna fyrirhugaðra samninga við lóðarhafa, sem samþykktur var í borgarráði 24. júní 2021 í tengslum við fyrirhugaðrar breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðvar á lóðinni en innifelur þau sérákvæði sem skilgreina þarf sérstaklega í tenglum við lóð við Bíldshöfða 2.

Í gildi er deiliskipulagið Bíldshöfði sem samþykkt var þann 30. ágúst 2007. bensíndælur. Á lóðinni stendur verslunar- og þjónustuhús, ásamt því að á lóðinni standa bensíndælur. Lóðarhafi hefur látið vinna nýja deiliskipulagstillögu fyrir lóðina Bíldshöfði 2. Tillagan er unnin í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

Lóðin Bíldshöfði 2 er 6449 m<sup>2</sup>. að stærð. Fyrirliggjandi deiliskipulagshugmynd heimilar að lóðin Bíldshöfði 2 verði stækkuð um 701 m<sup>2</sup> til vesturs og verður því samtals 7150 m<sup>2</sup>. að stærð. Þá er gert ráð fyrir að nýtingarhlutfall lóðar fari úr 0,28 í 0,5. Aukinn byggingarréttur á heildarlóðinni er því samtals 1765 m<sup>2</sup>, þar af eru 350 m<sup>2</sup>. sem tilheyra lóðarspildunni sem lóðin kemur til með að stækka um.

Vegna aukins byggingarmagns sem fellur á Bíldshöfða 2, lóð sem er í eigu Festis hf., alls 1445 m<sup>2</sup> við Bíldshöfða 2 skuldbindur lóðarhafi sig til að greiða til Reykjavíkurborgar 5000 kr. fyrir hvern aukinn fermetra á lóðinni umfram gildandi deiliskipulag eða samtals 7.225.000 kr. Verð þetta er byggt á samkomulagsramma Reykjavíkurborgar vegna fyrirhugaðra samninga við lóðarhafa, sem samþykktur var í borgarráði 20. júní 2019 í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu og þróun á Ártúnshöfða í Reykjavík.

Vegna stækkunar lóðar og aukins byggingarréttar sem fellur á viðbótarlóð skuldbindur lóðarhafi sig til þess að greiða 10.000 kr. pr. m<sup>2</sup>. eða alls 7.010.000 fyrir 701 m<sup>2</sup> lóð. Fyrir aukinn byggingarrétt á lóðarspildunni skuldbindur Festi sig til þess að greiða 60.000 fyrir hvern fermetra af auknum byggingarrétt á lóðinni. Aukið byggingarmagn sem fellur á lóðarspilduna er áætlað 350 m<sup>2</sup> og er verðið því samtals 21.000.000 kr. Verðin eru samkvæmt verðmati tveggja óvilhallra fasteignasala og eru þau tengd vísitölu desembermánaðar 2024 (121.2 stig).

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari



Reykjavík



Hjálagt:

Drög að samkomulagi um uppbyggingu á lóð Bíldshöfða 2

Verðmat Landmark. dags. 27. nóvember 2024

Verðmat Mikluborgar dags. 5. janúar 2025

Rammasamkomulag dags. 24. júní 2021



**Reykjavík**

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480- 0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík, annars vegar og hins vegar Festi hf. kt. 540206-2010, Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi, hér eftir nefndur lóðarhafi, gera með sér

**SAMKOMULAG**  
**vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni**  
**Bíldshöfði 2 í Reykjavík**

**1. gr.**

**Inngangur**

Festi hf. lóðarhafi að lóðinni Bíldshöfði 2 landeignanúmer L110568, fasteignanúmer F2043000 og F2316212 hefur hug á frekari uppbyggingu á lóðinni.

Af því tilefni gera Festi hf. annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar með sér þetta samkomulag.

Samkomulag þetta er byggt á rammamkomulagi Reykjavíkurborgar og Festi hf. vegna fyrirhugaðra samninga við lóðarhafa, sem samþykktur var í borgarráði 24. júní 2024 í tengslum við fyrirhugaðrar breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðvar á lóðinni en innifelur þau sérákvæði sem skilgreina þarf sérstaklega í tenglum við lóð við Bíldshöfða 2.

Samkvæmt fyrirbyggjandi hugmynd um uppbyggingu á lóðinni Bíldshöfða 2 stefnir lóðarhafi að því að á lóðinni verði byggt atvinnuhúsnæði samræmi við fyrirbyggjandi hugmynd að deiliskipulagi sem byggir á og er í samræmi við landnotkunarstefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2040.

**2. gr.**

**Deiliskipulagsgerð og lóðarsamningur**

Í gildi er deiliskipulagið Bíldshöfði sem samþykkt var þann 30. ágúst 2007. Á lóðinni standa verslunar- og þjónustuhús, ásamt því að á lóðinni standa bensíndælur.

Lóðarhafi hefur látið vinna nýja deiliskipulagstillögu fyrir lóðina Bíldshöfði 2. Tillagan er unnin í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

Afmörkun skipulagsreitsins og lóðarinnar eru sýnd í fylgiskjali nr. 1.

Lóðin Bíldshöfði 2 er 6449 m<sup>2</sup> skv. útgefna mæliblaði.

Lóðarleigusamningur fyrir lóðina Bíldshöfða 2 var gefinn út árið 2009 til 50 ára.

Breytt fyrirkomulag lóðar, nýting, byggingarmagn og nýtt deiliskipulag fyrir Bíldshöfða 2 er háð samþykki skipulags- og samgönguráðs og borgarráðs.

**3. gr.**

**Byggingarréttur**

Fyrirbyggjandi deiliskipulagshugmynd heimilar að lóðin Bíldshöfði 2 verði stækkuð um 701 m<sup>2</sup> til vesturs og verður því samtals 7150 m<sup>2</sup>. að stærð. Þá er gert ráð fyrir að nýtingarhlutfall lóðar fari úr 0,28 í 0,5. Aukinn byggingarréttur er samtals 1765 m<sup>2</sup>, þar af eru 350 m<sup>2</sup>. sem tilheyra lóðarspildunni sem lóðin kemur til með að stækka um.

Vegna aukins byggingarmagns á núverandi lóðarstærð við Bíldshöfða 2 skuldbindur lóðarhafi sig til að greiða til Reykjavíkurborgar vegna byggingarréttar 5000 kr. fyrir hvern fermetra á

lóðinni af auknum byggingarrétti umfram gildandi deiliskipulag. Aukið byggingarmagn á núverandi lóð er áætlað 1415 m<sup>2</sup>.

Vegna stækkunar lóðar og aukins byggingarréttar sem fellur á viðbótarlóðina skuldbindur lóðarhafi sig til þess að greiða samtals 7.010.000 fyrir 701 m<sup>2</sup> lóð en 60.000 fyrir hvern fermetra af auknum byggingarrétt á lóðinni. Aukið byggingarmagn sem fellur á lóðarspilduna er áætlað 350 m<sup>2</sup>. Verðin eru samkvæmt verðmati tveggja óvilhallra fasteignasala.

Framangreind verð eru miðað við byggingarvísitölu í desember 2024 (121,2 stig) og skal það framreiknað í samræmi við þróun vísitölunnar frá undirskriftardegi þessa samkomulags til greiðsludags.

Greiðsla fyrir byggingarréttinn miðar við heimilað hámarksbyggingarmagn samkvæmt endanlegu deiliskipulagi, sbr. 2. gr. samkomulags þessa að frádregnum byggingarheimildum skv. gildandi deiliskipulagi.

Ef síðar verður samþykkt meira byggingarmagn en sem nemur hámarksbyggingarmagnni samkvæmt fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu skal lóðarhafi greiða gjald, sbr. ákvæði þessa greinar, fyrir þá fermetra sem bætast við heildarbyggingarmagnið.

Gjalddagi greiðslu vegna byggingarréttar skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar, er við útgáfu byggingarleyfis hjá embætti byggingarfulltrúa.

Lóðarhafa er óheimilt að hefja framkvæmdir fyrr en greiðsla hefur borist.

Byggingaleyfi eða takmarkað byggingarleyfi verður ekki gefið út fyrr en framangreind byggingar-réttargreiðsla hefur verið greidd.

#### **4. gr.**

##### ***Gatnagerðargjald***

Auk greiðslu skv. 3.gr. skal lóðarhafi greiða gatnagerðargjald og önnur lögbundin skipulags-, framkvæmda-, byggingarleyfis- og tengigjöld vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni.

Gjalddagi gatnagerðargjalds fyrir lóðina er við útgáfu byggingarleyfis á lóðinni og reiknast samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni.

Ef endanlegt deiliskipulag grundvallast á auknu byggingarmagnni umfram ofangreinda fermetra skv. fyrirbyggjandi deiliskipulagshugmynd, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, skal lóðarhafi greiða viðbótarbyggingarréttargjald fyrir þá fermetra sem bætast við heildarbyggingarmagn lóðarhafa.

#### **5. gr.**

##### ***Framsal***

Lóðarhafa er óheimilt að framselja lóðarréttindi að lóðinni Bíldshöfði 2, landeignanúmer L110568, fasteignanúmer F2043000 og F2316212 áður en greiðslur samkvæmt 3. gr. og 4.gr. hafa verið greiddar.

Kvöð um að framsal er óheimilt nema að fenginni staðfestingu Reykjavíkurborgar á nýjum framsalshafa. Þessa skal getið á veðbandayfirliti fasteignarinnar Bíldshöfði 2, landeignanúmer L110568.

#### **6. gr.**

##### ***Lagnir***

Komi til þess vegna uppbyggingar á lóðinni Bíldshöfða 2 að flytja þurfi spennistöð eða lagnir veitustofnanna skal lóðarhafi bera kostnað við þann flutning.

#### **7. gr.**

**Annáð**

Heimilt er að þinglýsa samkomulagi þessu á lóðina Bíldshöfði 2, landeignanúmer L110568, fasteignanúmer F2043000 og F2316212.

Samkomulag þetta var samþykkt á fundi borgarráðs þann \_\_. janúar 2025.

Reykjavík, \_\_. janúar 2025

\_\_\_\_\_  
F.h. Festi hf.

\_\_\_\_\_  
F.h. Reykjavíkurborgar  
samkvæmt samþykkt borgarráðs

Vitundarvottar að rétttri undirskrift, fjárræði og dagsetningu:


\_\_\_\_\_  
kt.

\_\_\_\_\_  
kt.

Fylgiskjal 1.

Bíldshöfði 2, skipulagstillaga.


## 59201; Tillaga að breyttu deiliskipulagi




TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI M 1:1000




# SÆVARHÖFÐI-BÍLDSHÖFÐI: BÍLDSHÖFÐI 2 / staðgr. 0-1-40-59201; TILLAGA að breyttu deiliskipulagi



GILDANDI DEILISKIPULAG M 1:1000



TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI M 1:1000



HUFI AF AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2040.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem tengið hefur meðferð í samræmi við skvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010 var samþykkt í dagskrá 2024. 2024.

Tillagan var auglýst frá 2024. með

athugasemddrestill 2024. 2024. með

Auglýsing um gildistöku breytinganna var birt í B-deild

Stjórnafélaga 2024.

## SKÝRINGAR

Mörk svæðis sem breyting tekur til

Löðarmörk

Stækkun löðar

Núverandi byggingareitir

Nýir byggingareitir

Nýir byggingareitir

Í gildi er deiliskipulag fyrir Sævarhöfða- Bildshöfða, sem samþykkt var í borgarráði Reykjavíkur þann **23. júní 1987**. Nýjasta breytingin fyrir Bildshöfða 2 var samþykkt í borgarráði þann **30. ágúst 2007**.

## NÚVERANDI SKILMÁLAR FYRIR BÍLDSHÖFÐA 2:

Lóð fyrir verslun með eldsneyti og þjónustu við almenna umferð. Á lóðinni standi þjónustu-og verslunarhús auk tengdra mannvirkja. Götugöfkóta skal setja þannig að hreyfhamlaðir eigi greiðan aðgang. Heimilt er að reisa allt að 9 metra há uppþýsingaskilti á lóðinni. Nánari staðsetning er háð samþykki borgarfyfirvalda. Hámarksnýfing löðar er  $\leq 0,28$  NH.

Á lóðinni eru tveir byggingareitir:

Byggingareitur B1:

Verslunarhús á einni hæð allt að 600 m<sup>2</sup>.

Mesta hæð  $\leq 5,5$  metrar yfir götukóta.

Yfir eldsneytisdælum má reisa skyggni  $\leq 5,8$  metra yfir götukóta.

Byggingareitur B2:

Þjónustuhús fyrir bíla ásamt tæknifymi fyrir metanafgreiðslu, tvær hæðir og niðurgrafinn kjallari.

Flokkarmál allt að 1200 m<sup>2</sup>.

Bílastæði skulu vera að minnsta kosti 1 stæði fyrir hverja 35 m<sup>2</sup> gólfflatarmáls, annars en þess sem er í kjallara.

Lóðarstærð er 6449,0 m<sup>2</sup>.

## GREINARGERÐ MED TILÖGU AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI:

Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi er lóðin á skilgreindu miðsvæði (M-4).

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

- Lóð er stækkuð um 18 metra til vesturs. Stækkunin er 701,0 m<sup>2</sup>. Lóðin er í dag 6.449,0 m<sup>2</sup> en verður 7.150,0 m<sup>2</sup>.
- Stækkun á byggingareiti 1 um 20 metra til vesturs og stækkun á byggingareiti 2 um 16 metra til vesturs.
- Bílastæðakrafta skal vera í samræmi við bíla-og hjólastæðastætnu Reykjavíkurborgar.
- Nýtingarhlutfall löðar (NH) skal aukid úr  $\leq 0,28$  NH í 0,5 NH.
- Fráreйн frá lóð, að vestanverðu, út á Bildshöfða verður lögð af.

Að öðru leyti gilda áfram sömu byggingaskilmálar fyrir löðina.

dap

development architecture property

Tímargata 4 101 Reykjavík  
s 6604200 ordfelkt@daps www.daps

verkr. telking / bílastæði dags.

20-05 (90) 1.01 A2 15.02.24



VERÐMAT Á LÓÐARSTÆKKUN OG AUKNU BYGGINGARMAGNI.  
BÍLDSHÖFÐI 2, 110 REYKJAVÍK



**Umbeðið af:**

Reykjavíkurborg  
c/o Sonja Wium

**Skjöl:**

- Verðmat
- FMR yfir lóð
- Lóðaruppdráttur
- Deilisklpulagsbreyting

**Unnið af:**



SVEINI EYLAND

Löggítur fasteignasali



**Sveini Eyland**  
Lögg.fasteignasala.

LANDMARK fasteignamiðlun,  
Hlíðasmára 2 – sími: 512.4900



## Verðmat lóðarstækkun Bíldshöfði 2, 110 Reykjavík.

Til undirritaðra hefur leitað, Sonja Wium, f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609, og óskað eftir verðmati vegna stækkunar á byggingarreit á atvinnuhúsalóð við Bíldshöfða 2, 110 Reykjavík, óskað er eftir verðmati á óbyggðum fermetrum á stækkuðum byggingarreit og ekki er tekið tillit til gatnagerðargjalda í þessu verðmati.

Verið er að stækka lóðina um 701 fm, úr 6449 fm uppí 7150 fm og myndast aukinn byggingarréttur fyrir 0.5 af þeirri stærð sem verið er að auka lóðina um s.s. 350 fm.

Sjá meðfylgjandi greinargerð frá Reykjavíkurborg að breyttu deiliskipulagi á lóð þar sem fram kemur lóðarstækkun, skilgreindir byggingarreitir og hvað heimilt er að byggja á þessum byggingarreit.

Meðfylgjandi texti er tekin úr deiliskipulagi Reykjavíkurborgar 2010 - 2030:

**Bíldshöfði 2, samkvæmt gildandi Aðalskipulagi er lóðin á skilgreindu miðsvæði (M-4).**

**Fyrst og fremst gert ráð fyrir rýmifrekum verslunum, heildsölum og skrifstofum. Léttur iðnaður og verkstæði eru leyfð. Að öllu jöfnu er ekki gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði, gistiheimilum eða hótelum, nema það sé sérstaklega tilgreint í deiliskipulagi. Á svæði M4a, vestan Breiðhöfða, eru íbúðir heimilar, einkum á efri hæðum. Gera skal grein fyrir nýjum matvöruverslunum í deiliskipulagi.**

**Sjá nánar kafla 6 í greinargerð aðalskipulags.**

Skráning á lóðinni Bíldshöfði 2, 110 Reykjavík í dag hjá FMR.

Lóðarmat: 32.300.000.- Landeignanúmer: L110845.

Tegund lóða: Viðskipta og þjónustulóð og er rekinn þar söluskáli, smurstöð og þjónustuhúsnæði í dag.

Lóðarstærð: 6449 fm.

### Verðmat á lóðarstækkun um 701 fm úr 6449 fm uppí 7150 fm:

Reikna má með því að lóðarmat vegna þessara lóðarstækkunar geti aukist um kr. 10.000 pr/fm miðað við þessa stækkun, sem að gerir þá kr.7.010.000.- og yrði lóðarmat eftir stækkun því kr. 39.310.000.-

En taka verður tillit til þess að með stækkun eykst byggingarreitur á lóð sem verður að teljast aðalatriði hér. Verðið er fundið út með lóðarmati í dag deilt með stærð lóðar plús stækkun sinnum lóð eftir stækkun með örlitlu álagi þar sem að telst ávinningur fyrir lóðarhafa að fá þessa stækkun.

### Verðmat á auknu byggingarmagni um 350 fm:

Byggingarréttur eykst á lóðinni miðað við stækkun og er heimiluð 0.5 nýting af þessari aukastækkun sem að gerir lóðarhöfum kleift að byggja sem nemur 350 fm., með skilyrðum sbr. breytingu á deiliskipulagi, sjá meðfylgjandi skjal.


Verðmæti á þessum óbyggðu fermetrum á gatnagerðagjalda er verðmetin á kr. 70.000 pr.fm sem x 350 fm sem að gerir kr. 24.500.000.-

**Verðmat lóðarstækkunar kr. 7.010.000.-** skrifað:sjómilljónir&tíuþúsundkrónur00/100---

**Verðmat á auknu byggingarmagni kr. 24.500.000.-** skrifað:tuttugu&fjórarmilljónir&fimmhundraðþúsund00/100---

Framangreindar stærðar og matstölur eru samkvæmt skrá FMR, dags. 25.nóvember 2024.

Kópavogur 27.nóvember 2024

  
Sveinn Eyland  
Kt. 040670-5219  
Sveinn Eyland, löggiitur fasteignasali

# FASTEIGNAYFIRLIT

Fasteignanúmer: F2316212

Bíldshöfði 2, Reykjavíkurborg

## ÞINGLÝSTIR EIGENDUR

Nafn	Kennitala	Heimild	Eignarhlutfall	Staða
Festi hf.	540206-2010	Afsal	100%	Þ

Landeigendur  
Gögn vantar

## FASTEIGNAMAT

Gildandi fasteignamat 2024

236.150.000 kr.

Fyrirhugað fasteignamat 2025

251.050.000 kr.

## NOTKUNAREINING - ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Notkunareininganúmer

N2316212

Staðfang

Bíldshöfði 2

Húsmat	Lóðarmat	Brunabótamat	Endurstofnsverð
203.400.000 kr.	32.750.000 kr.	330.050.000 kr.	312.077.000 kr.
Notkun	Flatarmál	Tryggingafélag	Byggingarefni
Þjónustumiðstöð	1030,7 m <sup>2</sup>	SA	Stál

Skráðir umráðendur skv. fasteignaskrá

Nafn	Kennitala	Eignarhlutfall	Kaupdagur	Afhending
Festi hf.	540206-2010	100%	20.07.2011	24.06.2011

## Matseiningar

Merking	Lýsing	Bygg.ár	Flatarmál	Bygg.stig	Matsstig	Fasteignamat	Brunabótamat
020101	Bílaþjónusta	2008	1030,7 m <sup>2</sup>	B4 Fullgerð bygging	7 Fullgerð bygging	236.150.000 kr.	330.050.000 kr.

## Rekstrareiningar

### Eignarhald

#### 02 0101 - Séreign

Rými	Lýsing	Lokun	Brúttó m <sup>2</sup>	Brúttó m <sup>3</sup>	Birt stærð m <sup>2</sup>	Nettó m <sup>2</sup>	Skipta m <sup>3</sup>	H-FI.
02 0001	Geymsluhús næði	Lokað	408,3	1720,7	408,3	379,5	0	N
02 0002	Útitróppur	Opið	23,2	0	0	0	0	U
02 0101	Bílaþjónusta	Lokað	411,2	2439,5	411,2	394,1	0	N
02 0103	Geymsla	Lokað	211,2	0	211,2	210	0	N

#### 02 X - Sameign allra

Rými	Lýsing	Lokun	Brúttó m <sup>2</sup>	Brúttó m <sup>3</sup>	Birt stærð m <sup>2</sup>	Nettó m <sup>2</sup>	Skipta m <sup>3</sup>	H-FI.
02 X	Tæknirými	Lokað	12,2	33,5	0	9,3	0	T

## LANDUPPLÝSINGAR

### Landeignanúmer: L110568

Gerð	Notkun	Stærð	Lóðarmat
Lóð	Viðskipta og þjón.lóð	6449,0 m <sup>2</sup>	65.050.000 kr.

### Skráðir umráðendur skv. fasteignaskrá

Nafn	Kennitala	Eignarhlutfall
Reykjavíkurborg	530269-7609	100 %

### Skýringar

Byggingarstig: Samþykkt byggingarstig frá byggingarfulltrúa  
Matsstig: Forsenda mats  
Vísitala brunabótamats: 968

**ATH: Þinglýst eignaskiptayfirlýsing er sú heimild sem gildir um skráningu fasteigna. Ef misræmi er á milli upplýsinga í fasteignaskrá og þinglýstrar eignaskiptayfirlýsingar þá gildir þinglýst eignaskiptayfirlýsing.**



# FASTEIGNAYFIRLIT

Fasteignanúmer: F2043000

Bíldshöfði 2, Reykjavíkurborg

## ÞINGLÝSTIR EIGENDUR

Nafn	Kennitala	Heimild	Eignarhlutfall	Staða
Festi hf.	540206-2010	Afsal	100%	Þ

Landeigendur  
Gögn vantar

## FASTEIGNAMAT

Gildandi fasteignamat 2024

237.825.000 kr.

Fyrirhugað fasteignamat 2025

252.800.000 kr.

## NOTKUNAREINING - VERSLUN

Notkunareininganúmer

N2043000

Staðfang

Bíldshöfði 2

Húsmat	Lóðarmat	Brunabótamat	Endurstofnsverð
205.525.000 kr.	32.300.000 kr.	367.100.000 kr.	385.006.000 kr.
Notkun	Flatarmál	Tryggingafélag	Byggingarefni
Verslun	512,4 m <sup>2</sup>	SA	Stál

### Skráðir umráðendur skv. fasteignaskrá

Nafn	Kennitala	Eignarhlutfall	Kaupdagur	Afhending
Festi hf.	540206-2010	100%	20.07.2011	24.06.2011

### Matseiningar

Merking	Lýsing	Bygg.ár	Flatarmál	Bygg.stig	Matsstig	Fasteignamat	Brunabótamat
010101	Verslun/veitin gar	2008	512,4 m <sup>2</sup>	B4 Fullgerð bygging	7 Fullgerð bygging	213.100.000 kr.	351.450.000 kr.
050101	Sorpgámagerði	2008	0,0 m <sup>2</sup>	B4 Fullgerð bygging	7 Fullgerð bygging	3.750.000 kr.	0 kr.
060101	Gasgeymsla	2008	0,0 m <sup>2</sup>	B4 Fullgerð bygging	7 Fullgerð bygging	1.610.000 kr.	0 kr.
030101	Metangámagerði	2008	0,0 m <sup>2</sup>	B4 Fullgerð bygging	7 Fullgerð bygging	3.080.000 kr.	0 kr.
020102	Metantækni	2008	90,6 m <sup>2</sup>	B4 Fullgerð bygging	7 Fullgerð bygging	8.320.000 kr.	15.650.000 kr.

## LANDUPPLÝSINGAR

Landeignanúmer: L110568

Gerð	Notkun	Stærð	Lóðarmat
Lóð	Viðskipta og þjón.lóð	6449,0 m <sup>2</sup>	65.050.000 kr.

### Skráðir umráðendur skv. fasteignaskrá


Nafn	Kennitala	Eignarhlutfall
Reykjavíkurborg	530269-7609	100 %

### Skýringar

Byggingarstig: Samþykkt byggingarstig frá byggingarfulltrúa  
Matsstig: Forsenda mats  
Vísitala brunabótamats: 968

**ATH: Þinglýst eignaskiptayfirlýsing er sú heimild sem gildir um skráningu fasteigna. Ef misræmi er á milli upplýsinga í fasteignaskrá og þinglýstrar eignaskiptayfirlýsingar þá gildir þinglýst eignaskiptayfirlýsing.**

# SÆVARHÖFÐI-BÍLDHÖFÐI 2 / staðgr. 0-1-40-59201; Tillaga að breyttu deiliskipulagi



GILDANDI DEILISKIPULAG M 1:1000

Í gjaldi er deiliskipulag fyrir Sævarhöfða- Bíldshöfða, sem samþykkt var í borgarráði Reykjavíkur þann 23.júní 1987.  
Nýjasta breytingin fyrir Bíldshöfða 2 var samþykkt í borgarráði þann 30.ágúst 2007.

## NÚVERANDI SKILMÁLAR FYRIR BÍLDHÖFÐA 2:

Löð fyrir verslun með eldsneyfi og þjónustu við almenna umferð. Á löðinni standi þjónustu-og verslunarhús auk tengdra mannvirka. Götugölkóta skal selja þannig að hreyfingarmálar eigi greiðan aðgang. Heimilt er að reisa allt að 9 metra há uppbyggingskíll á löðinni. Nánari staðsetning er háð samþykki borgaryfirvalda.  
Hámarksnýting löðar er 50.28 NH.

Á löðinni eru tveir byggingareitir:

### Byggingareitir B1:

Verslunarhús á einni hæð allt að 600 m<sup>2</sup>.  
Mesta hæð ≤ 5,5 metrar yfir götukóta.

Yfir eldsneyfisdeilum má reisa skýgni ≤ 5,8 metra yfir götukóta.

### Byggingareitir B2:

Þjónustuhús fyrir bíla ásamt tæknirými fyrir metanófræðslu, tvær hæðir og niðurgrafinn kjallari. Flatarmál allt að 1200 m<sup>2</sup>.

Bílastæði skulu vera að minnsta kosti 1 stæði fyrir hverja 35 m<sup>2</sup> gólfplatarmáls, annars en þess sem er í kjallara.

Lóðarstærð er 6449,0 m<sup>2</sup>.



HLUTI AF AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2040.

Deiliskipulagsþynging þessa sem tengd hefur miðlaðri í samræmi við ákveðið 1 mgr. 43. úr skipulagsáttátt 12/2010 og samþykkt í/na þann \_\_\_\_\_ 2024.

Íllagan var auglupi í/na \_\_\_\_\_ 2024.

Auðgöngu um aðalskiptu stafræðingarnu var tekið ífrunnið Skýrningabúnað þann \_\_\_\_\_ 2024.

## SKÝRINGAR


Mörk svæðis sem breyting tekur til

Lóðarmörk

Stækkun löðar

Núverandi byggingareilir

Nýir byggingareilir



TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI M 1:1000

## GREINARGERÐ MED TILÖGU AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI:

Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi er löðin á skilgreindu miðsvæði (M-4).

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

- Löð er stækkuð um 18 metra til vesturs. Stækkunin er 701,0 m<sup>2</sup>. Löðin er í dag 6.449,0 m<sup>2</sup> en verður 7.150,0 m<sup>2</sup>.
- Stækkun á byggingareitil 1 um 20 metra til vesturs og stækkun á byggingareitil 2 um 16 metra til vesturs.
- Bílastæðakrafra skal vera í samræmi við bíla-og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar.
- Nýtingarhlutfall löðar (NH) skal aukin úr 50,28 NH í 0,5 NH.
- Fráreitt frá löð, að vestanverðu, út á Bíldshöfða verður lögð af.

Að öðru leyli gjalda áfram sömu byggingaskilmálar fyrir löðina.

DEILISKIPULAGSUPPDRATTUR

BÍLDHÖFÐI 2

TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI

dap

Íþróttir 1 (0) Kópavogur  
402020 - Júlíusín - 060411 - www.dap.is

vefnetn 20-05 leikning / blástær dags  
0911 01 A2 15.02.24




# Séruppráttur 4.059.2

Reykjavík, 1:500

Nr.	X-hnit	Y-hnit
181	17169.4889	15624.7523
182	17171.2424	15662.6694
183	17184.8181	15662.0416
184	17194.9174	15665.6178
185	17235.3323	15660.8063
186	17335.2623	15656.0558
187	17333.4136	15617.1675

Y = 15700 +  
X = 17300 +

Y = 15700 +  
X = 17200 +



## Bildshöfði

186  
Aðvörnun: 132 kV háspennustrengur og meitangaspíla OR liggja með lóðarmörkum  
100.04

4.059.201  
6449 m<sup>2</sup>  
Landnr. 110568

Kvóð: Lóðarhafi skai sjálfur sjá um  
aðkeyrslumátt að lóðinni í  
samræmi við samþ. borgar-  
ráðs, 11. 3. 1980

## Bildshöfði 2 Reykjavík, 1:500

Séruppráttur vegna breytingar á lóðarsamningi

Uppdrátturinn sýnir mörk lóðarinnar eins og þau eru eftir þá  
breytingu lóðamarka sem samþykkt var á eiginleislufrundi  
byggingarfullrúða 27. 11. 2007

Bildshöfði 2.

Uppdrátturinn óðlast gjöldi þegar með honum hefur verið  
þinglasin yfirlýsing sem felur úr gjöldi upprátt í lóðarsamningi  
um Bildshöfða 2, sbr. yfirlýsingu nr. A-28469 / 91,  
dags. 17. 12. 1991.

Sjá deiliskipulag samþykkt 15. 9. 2006 af skipulagsráði,  
og var birt í B deild stjórnartíðinda 9. 11. 2006.

Framkvæmdasvið  
Landuppýsingadeild  
2. 6. 2009

## Vesturlandsvegur

Lóð er tölusett við Bildshöfða

Fjöldi, staðsetning og frágangur bílastæða sé

í samræmi við gildandi deiliskipulag og samþykktir

## Verðmat

Undirritaður, Pröstur Þórhallsson löggiltur fasteignasali, hefur samkv. beiðni Óðins Árnasonar f.h. Yrkir eignir ehf., kt: 581113-1100, skoðað og verðmetið lóðarstækkunar og leyfilegt byggingarmagn á lóðarstækkunum við Straum 9 og Bíldshöfða 2 í Reykjavík. Skoðun lóðanna fór fram í desember 2024.

### Nánari lýsing:

**Bíldshöfði 2** - Lóðarstækkun 701 m<sup>2</sup>. Leyfilegt byggingarmagn 350 m<sup>2</sup>. ( 0,5x nýtingarhlutfall )

**Straumur 9** – lóðarstækkun 375,6 m<sup>2</sup>. Leyfilegt byggingarmagn 188 m<sup>2</sup>. ( 0,5x nýtingarhlutfall )

### Niðurstaða:

Áætlað markaðsverðmæti lóðarstækkana á hvorri lóð fyrir sig er **kr. 10.000,- pr. m<sup>2</sup>**.  
Áætlað markaðsverðmæti leyfilegs byggingarmagns á hvorri lóð fyrir sig er **kr. 50.000,- pr. m<sup>2</sup> án gátnagerðargjalda**.

Undirritaður hefur í dag verðmetið ofangreindar lóðir og stuðst við opinber gögn um lóðirnar. Framangreindar lóðir hefur undirritaður metið eftir bestu samvisku og þekkingu. Verðmat þetta byggir á sama grundvelli og um væri að ræða eignir til sölumeðferðar hjá Mikluborg fasteignasölu.

Reykjavík, 5. janúar 2025

Pröstur Þórhallsson  
Löggiltur fasteignasali  
Kt. 190369-4209

---

Pröstur Þórhallsson lögg. fasteignasali



Borgarráð

***Fækkun bensínstöðva - Rammasamkomulag vegna fyrirhugaðra breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva N1***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálaga rammasamkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Festi hf. og Krónan ehf. hins vegar vegna fyrirhugaðrar breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva N1, dags. 27. maí 2021.

Breytingar á lóðamálum Festi hf. og uppbyggingarheimildir verða með undirritun samningsins sem hér segir:

**Ægisíða 102.** Festi hf. mun hætta rekstri eldsneytisstöðvar á lóðinni ekki síðar en 1. janúar 2023, en þó eigi síðar en 12 mánuðum frá samþykkt borgarráðs á nýju deiliskipulagi fyrir Ægisíðu 102 og Fiskislóð 15-21. Þegar rekstri er hætt á lóðinni er heimilt að taka í notkun tvær dætur á lóð Festi hf. að Fiskislóð 15-21. Hafi nýtt deiliskipulag ekki verið samþykkt á lóðunum hinn 1. janúar 2023 vegna atvika sem ekki má rekja til lóðarhafa munu aðilar taka upp viðræður um endurskoðun á því tímamarki sem rekstri eldsneytisstöðvarinnar verður hætt. Sjá nánar sérstakt samkomulag um Ægisíðu 102.

**Hringbraut 12.** Sjá sérstakt samkomulag um lóðina.

**Borgartún 39.** Lóðarleigusamningur um lóðina verður framlengdur til ársins 2040. Lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldsneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg.

**Stóragerði 40.** Festi hf. mun hætta rekstri eldsneytisstöðvar ekki síðar en 1. janúar 2024 en þó eigi síðar en 12 mánuðum frá samþykkt borgarráðs á nýju deiliskipulagi lóðarinnar. Sjá nánar sérstakt samkomulag um Stóragerði 40.

**Kringlumýrarbraut 100.** Lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldsneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg. Lóðarleigusamningur skal haldast óbreyttur.

**Bíldshöfði 2.** Reykjavíkurborg mun beita sér fyrir breyttu skipulagi lóðarinnar þannig að lóðin verði stækkuð til vesturs og heimilt verði að stækka smurstöð og dekkjaverkstæði. Nýtingarhlutfall verði aukið í 0,5. Ef til stækkunar kemur greiðir Festi hf. markaðsverð lóðarstækkunar. Jafnframt greiðir Festi hf. byggingarréttargjald vegna aukins byggingarréttar á lóðinni og viðbótar gatnagerðargjald vegna stækkunar mannvirkja á lóðinni auk skipulags-, framkvæmda- og byggingarleyfisgjalda og tengigjalda eftir því sem við á. Aðilar eru sammála



um að fá tvo óháða löggilta fasteignasala til að meta markaðsverð byggingarréttar ef til þess kemur. Lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldsneytisdælum á lóðinni eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg.

**Skógarsel 10.** Festi hf. mun hætta rekstri eldsneytisstöðvar ekki síðar en 1. janúar 2025 en þó ekki síðar en 12 mánuðum frá samþykkt borgarráðs á nýju deiliskipulagi lóðarinnar. Sjá nánar sérstakt samkomulag um Skógarsel 10.

**Straumur 9.** Reykjavíkurborg mun beita sér fyrir breyttu skipulagi lóðarinnar þannig að lóð verði stækkuð til austurs og nýtingarhlutfall verði aukið í 0,5. Ef til stækkunar kemur greiðir Festi hf. markaðsverð lóðarstækkunar. Jafnframt greiðir Festi hf. byggingarréttargjald vegna aukins byggingarréttar á lóðinni og viðbótar gatnagerðargjald vegna stækkunar mannvirkja á lóðinni auk skipulags-, framkvæmda- og byggingarleyfisgjalda og tengigjalda eftir því sem við á. Aðilar eru sammála um að fá tvo óháða löggilta fasteignasala til að meta markaðsverð byggingarréttar ef til þess kemur. Lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldsneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg.

**Gagnvegur 2.** Lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldsneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg.

**Ellidabraut 2.** Sjá sérstakt samkomulag um lóðina.

**Fiskislóð 15-21.** Reykjavíkurborg heimilar sjálfsafgreiðslustöð með tveimur eldsneytisdælum fyrir fjórar bifreiðar samtímis á lóðinni, sem er í eigu Festi fasteigna hf. Heimilt er að taka dælur í notkun þegar rekstri er hætt á Ægisíðu 102, sbr. sérstakt samkomulag um Ægisíðu 102.

**Rofabær 39.** Sjá sérstakt samkomulag um lóðina.

**Skeifan 9.** Rekstri á eldsneytisdælum við starfsstöð bíleigunnar Höldurs ehf. verður hætt og dælur fluttar að nýrri starfsstöð bílaleigunnar að Skútuvogi 8 þar sem þær verða eingöngu aðgengilegar viðskiptavinum hennar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Rammasamkomulag vegna fyrirhugaðra breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva N1, dags. 27. maí 2021

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480- 0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík, annars vegar og hins vegar Festi hf., kt. 540206-2010 og Krónan ehf., kt. 711298-2239, Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi, hér eftir nefnd lóðarhafi, gera með sér eftirfarandi

## **rammasamkomulag vegna fyrirhugaðra breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva N1**

### ***1. gr.***

#### ***Inngangur***

Á síðustu árum hefur Reykjavíkurborg sett fram ákveðin markmið um fækkun eldsneytisstöðva innan þéttbýlis borgarinnar. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 eru sett fram skýr stefnuákvæði sem eiga að sporna við fjölgun eldsneytisstöðva og markmið sem miða að því að draga úr landrýmisþörf eldsneytisstöðvanna. Í Loftlagsstefnu Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var árið 2016, eru sett fram ákveðnari markmið um fækkun eldsneytisstöðva, til að undirstrika enn frekar mikilvægi vistvænni ferðamáta og komandi orkuskipti í bílasamgöngum. Í Loftlagsstefnunni er einnig lagt til að þróaðir verði hvatar til að fækka stöðvum.

Á fundi borgarráðs þann 9. maí 2019 var lögð fram og samþykkt tillaga borgastjóra um samningsmarkmið, sem leggja skal til grundvallar í viðræðum Reykjavíkurborgar við rekstraraðila og lóðarhafa eldsneytisstöðva í Reykjavík. Á fundinum var lagt fram og samþykkt drög að erindisbréfi samningarnefndar Reykjavíkurborgar vegna viðræðna við rekstraraðila og lóðarhafa bensinstöðvalóða í Reykjavík.

### ***2. gr.***

#### ***Núverandi staða lóðarmála Festi hf.***

Festi hf. rekur í dag innan borgarmarka Reykjavíkur neðangreindar ellefu eldsneytisstöðvar undir merkjum N1:

- Ægisíða 102, þjónustustöð með 4 eldsneytisdælum fyrir 8 bifreiðar samtímis.
- Hringbraut 12, þjónustustöð með 3 eldsneytisdælum fyrir 6 bifreiðar samtímis.
- Borgartún 39, þjónustustöð með 3 eldsneytisdælum fyrir 6 bifreiðar samtímis.
- Stóragerði 40, þjónustustöð með 5 eldsneytisdælum fyrir 6 bifreiðar samtímis.
- Kringlumýrarbraut 100, þjónustustöð með 4 eldsneytisdælum fyrir 8 bifreiðar samtímis.
- Bíldshöfði 2, þjónustustöð með 4 eldsneytisdælum fyrir 8 bifreiðar samtímis.
- Straumur 9, þjónustustöð með 7 eldsneytisdælum fyrir 14 bifreiðar samtímis.
- Gagnvegur 2, þjónustustöð með 4 eldsneytisdælum fyrir 8 bifreiðar samtímis.
- Skógarsel 10, þjónustustöð með 4 eldsneytisdælum fyrir 8 bifreiðar samtímis.
- Elliðabraut 2, sjálfsafgreiðslustöð með 4 eldsneytisdælum fyrir 8 bifreiðar samtímis.
- Skeifan 9, sjálfsafgreiðslustöð með 2 eldsneytisdælum fyrir 4 bifreiðar samtímis.

### ***3. gr.***

#### ***Breytingar á lóðarmálum Festi hf. og uppbyggingarheimildir***

**Ægisíða 102.** Festi hf. mun hætta rekstri eldsneytisstöðvar á lóðinni ekki síðar en 1. janúar 2023, en þó eigi síðar en 12 mánuðum frá samþykkt borgarráðs á nýju deiliskipulagi fyrir Ægisíðu 102 og Fiskislóð 15-21. Þegar rekstri er hætt á lóðinni er heimilt að taka í notkun tvær dælur á lóð Festi hf. að Fiskislóð 15-21. Hafi nýtt deiliskipulag ekki verið samþykkt á lóðunum hinn 1. janúar 2023 vegna atvika sem ekki má rekja til lóðarhafa munu aðilar taka upp viðræður um endurskoðun á því tímamarki sem rekstri eldsneytisstöðvarinnar verður hætt. Sjá nánar sérstakt samkomulag um Ægisíðu 102.

**Hringbraut 12.** Sjá sérstakt samkomulag um lóðina.

**Borgartún 39.** Lóðarleigusamningur um lóðina verður framlengdur til ársins 2040. Lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldsneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg.

**Stóragerði 40.** Festi hf. mun hætta rekstri eldsneytisstöðvar ekki síðar en 1. janúar 2024 en þó eigi síðar en 12 mánuðum frá samþykkt borgarráðs á nýju deiliskipulagi lóðarinnar. Sjá nánar sérstakt samkomulag um Stóragerði 40.

**Kringlumýrarbraut 100.** Lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldsneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg. Lóðarleigusamningur skal haldast óbreyttur.

**Bíldshöfði 2.** Reykjavíkurborg mun beita sér fyrir breyttu skipulagi lóðarinnar þannig að lóðin verði stækkuð til vesturs og heimilt verði að stækka smurstöð og dekkjaverkstæði. Nýtingarhlutfall verði aukið í 0,5. Ef til stækkunar kemur greiðir Festi hf. markaðsverð lóðarstækkunar. Jafnframt greiðir Festi hf. byggingarréttargjald vegna aukins byggingarréttar á lóðinni og viðbótar gatnagerðargjald vegna stækkunar mannvirkja á lóðinni auk skipulags-, framkvæmda- og byggingarleyfisgjalda og tengigjalda eftir því sem við á. Aðilar eru sammála um að fá tvo óháða löggilta fasteignasala til að meta markaðsverð byggingarréttar ef til þess kemur. Lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldsneytisdælum á lóðinni eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg.

**Skógarsel 10.** Festi hf. mun hætta rekstri eldsneytisstöðvar ekki síðar en 1. janúar 2025 en þó ekki síðar en 12 mánuðum frá samþykkt borgarráðs á nýju deiliskipulagi lóðarinnar. Sjá nánar sérstakt samkomulag um Skógarsel 10.

**Straumur 9.** Reykjavíkurborg mun beita sér fyrir breyttu skipulagi lóðarinnar þannig að lóð verði stækkuð til austurs og nýtingarhlutfall verði aukið í 0,5. Ef til stækkunar kemur greiðir Festi hf. markaðsverð lóðarstækkunar. Jafnframt greiðir Festi hf. byggingarréttargjald vegna aukins byggingarréttar á lóðinni og viðbótar gatnagerðargjald vegna stækkunar mannvirkja á lóðinni auk skipulags-, framkvæmda- og byggingarleyfisgjalda og tengigjalda eftir því sem við á. Aðilar eru sammála um að fá tvo óháða löggilta fasteignasala til að meta markaðsverð byggingarréttar ef til þess kemur. Lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldsneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg.

**Gagnvegur 2.** Lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldsneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg.

**Elliðabraut 2.** Sjá sérstakt samkomulag um lóðina.



**Fiskislóð 15-21.** Reykjavíkurborg heimilar sjálfsafgreiðslustöð með tveimur eldsneytisælum fyrir fjórar bifreiðar samtímis á lóðinni, sem er í eigu Festi fasteigna hf. Heimilt er að taka dælur í notkun þegar rekstri er hætt á Ægisíðu 102, sbr. sérstakt samkomulag um Ægisíðu 102.

**Rofabær 39.** Sjá sérstakt samkomulag um lóðina.

**Skeifan 9.** Rekstri á eldsneytisælum við starfsstöð bíleigunnar Höldurs ehf. verður hætt og dælur fluttar að nýrri starfsstöð bílaleigunnar að Skútuvogi 8 þar sem þær verða eingöngu aðgengilegar viðskiptavinum hennar.

Með undirritun samkomulags þessa lýsir lóðarhafi því yfir að hann stefni að því að fjölga framboði á vistvænum orkugjöfum á þeim stöðum þar sem áfram verður rekstur eldsneytisstöðva í takt við komandi breytingar á orkuskiptum í samgöngum.

Samkomulag þetta er með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Reykjavík, 27. maí 2021

---

F.h. Reykjavíkurborgar  
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

---

F.h. Festi hf.

---

F.h. Krónunnar ehf.

Vitundarvottar að rétttri dags., undirskrift og fjárræði aðila:

---

Nafn og kt.

---

Nafn og kt.

